

L Ö G**um breyting á lögum nr. 46/1970, um Fjárfestingarfélag Íslands hf.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1977“ í 6. gr. laga nr. 46/1970 komi: til ársloka 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 26 9. maí 1949, um hvalveiðar.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, til að landa hvalafla, þótt utan þeirrar landhelgi sé veitt, og til að verka slíkan afla í landi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenskum ríkisborgurum. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt þeim skulu varða sektum 2 000—40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðitækjum skipsins, byssum, skotlínu, skutlum og skotfærum, svo og öllum afla skipsins.

Lagt skal lögöld á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans